
VALTÝR SÝNIR

Einkasýning Valtýs Péturssonar á Kjarvalsstöðum



Magnús L. Sveinsson, formaður VR, og Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, árna Valtý heilla við opnun sýningarinnar. Tímamynd: Sverrir Vilhelmsson.

Nú nýverið opnaði Valtýr Pétursson listmálari fyrstu einkasýningu sína á Kjarvalsstöðum. Það er síðbúin veisla, því Valtýr á langan listamannsferil að baki og hefur getið sér landsfrægðar fyrir margt fyrir löngu. Hann hefur haldið fjölda málverkasýninga, ýmist einn sér eða ásamt öðrum, bæði hér á landi og utan. Ósjaldan hefur hann verið fulltrúi íslenskra listamanna og íslenska ríkisins við tækifæri erlendis og hann hefur látið til sín taka í félagsmálum listamanna, meðal annars settist hann í stjórn Norræna listabandalagsins 1950 og varð á sama ári gjaldkeri Félags íslenskra myndlistarmanna.

Valtýr er fæddur 27. mars 1919 í Grenivík. Hann stundaði verslunarnám jafnhliða listnáminu og starfaði nokkuð við verslun. Einnig hefur hann fengist við sjómennsku og ýmislegt fleira sem til féll á yngri árum.

„Það voru nefnilega engin námslán í þá daga. Ég fór til Bandaríkjanna í list- og verslunarnám, en maður þurfti að hypja sig heim og vinna fyrir sjálfum sér," sagði Valtýr í viðtali við Tímann. „Það var nú ekki hin venjulega leið myndlistarnemans að fara til Bandaríkjanna, en Evrópa var lokuð vegna stríðsins. Hún varð því að bíða betri tíma."

Og að lokinni heimsstyrjöldinni hélt Valtýr í suðurátt og nam fagrar listir í Flórens á Ítalíu og síðar í París. Við Parísarborg varð hann svo viðloðandi af og til, allt til 1968. „Ég hef samt alltaf búið á Íslandi," sagði Valtýr.

Valtýr var spurður um viðtökur er hann hafði fengið á fyrstu einkasýningu sinni á Kjarvalsstöðum. „Ég er mjög ánægður með þær, – hef aldrei hlotið jafn góðar viðtökur áður. Ég hef þegar selt held ég fimmtán myndir, en allar eru sýningarmyndirnar til sölu."

Valtýr hefur verið myndlistargagnrýnandi frá 1952 og hefur listamönnum oft þótt svíða undir þeirri umfjöllun er þeir fá í dálkum hans. „Ég álít, að listamenn séu jafnvel einu mennirnir sem geta skrifað gagnrýni," sagði Valtýr að lokum, „– þeir sem stunda listgreinina sjálfir. Sjáðu til, listfræðingar eru bara sögumenn og hafa enga reynslu af sjálfri listgreininni í flestum tilfellum. Mönnum mislíkar stundum það sem ég skrifa, en það er eins og gengur og gerist. Menn verða bara að taka því. Það þýðir ekkert að sigla sléttan sjó alltaf. Til að skrifa gagnrýni þarf visst hugrekki, – það er nákvæmlega eins og á við um listiðkunina sjálfa."


ÁHUGAVERT?

YAMAHA RAFSTÖÐVAR



ELTEX LAMBAMERKI

Eltex lambamerki eru gerð úr þunnri álplötu, með bognum járnpinna, sem stungið er í eyrað og lokað.
Númeraðar raðir á lager. 1-1000.




RAFGIRÐINGAR OG EFNI TIL ÞEIRRA




RÚNINGSKLIPPUR FYRIR KÝR, HESTA OG KINDUR.

Lister rúningsklippur, barka- eða með mótor í handfangi.
Breiðir eða mjóir kambar.




BÁSAMOTTUR FRÁ ALFA-LAVAL

Sterkar og einangra mjög vel.
Stærð: 1400x1100 mm.



DRYKKJARKER FYRIR KÝR, HESTA OG FÉ.

Drykkjarstútur fyrir svín.



BÚNAÐARDEILD SAMBANDSINS
ÁRMÚLA 3 REYKJAVÍK SÍMI 38900

VÉLSLEÐA ÞJÓNUSTAN

Viðgerðaþjónusta fyrir vélsleða og minni háttar snjóruðningstæki

FRAMTÆKNI s/f
Skemmuveg 34 N –
200 Kópavogur
Sími 64 10 55